

# HVERNIG VIRKAR STARFSMENNTASJÓÐUR VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS?

## EINSTAKLINGSSTYRKIR



### STARFSMENNTASTYRKUR

90% af skráningargjaldi – hámark 130.000 kr. á ári.

- Starfstengd námskeið.
- Starfstengd netnámskeið.
- Almennt nám til eininga.
- Nám/námskeið sem veita aukin starfsréttindi.
- Tungumálanámskeið.
- Sjálfstyrkingarnámskeið innanlands (sem er ekki hluti af meðferðarúrræði).
- Ráðstefnur sem tengjast starfi umsækjanda.
- Stjórnendapjálfun/starfstengd markþjálfun.

## FYRIRTÆKJASTYRKIR



### STYRKIR VEGNA NÁMSKEIÐAHALDS

Fyrirtæki með starfsmenn sem eru félagsmenn VR/LÍV geta sótt um styrk vegna náms og fræðslu starfsmanna.



### LÆKKAD IÐGJALD

Fyrirtæki með starfsmenn innan VR/LÍV geta sótt um lækkun á greiddu iðgjaldi til sjóðsins úr 0,3% í 0,1%.



### FERÐASTYRKUR

50% af fargjaldi – hámark 40.000 kr. á ári.

Dregst frá hámarksstyrk.

- Þegar félagsmaður þarf að ferðast meira en 50 km til þess að komast frá heimili til fræðslustofnunar getur hann sótt um ferðastyrk.



### FRÆÐSLUSTJÓRI AÐ LÁNI

Fræðslustjóri að láni er árangursmiðað verkfæri sem miðar að því að samhæfa og nýta lausnir sem þegar eru til. Verkefnið byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, sérhæfðum í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun.



### TÓMSTUNDASTYRKUR

50% af námskeiðsgjaldi – hámark 30.000 kr. á ári.

Dregst frá hámarksstyrk. Hefur ekki áhrif á uppsöfnun.

- Námskeið sem hafa skilgreint upphaf, endi og leiðbeinanda.
- Aðeins er hægt að sækja um styrk vegna tómstundanámskeiða sem haldin eru innanlands.



### SAMEIGINLEGUR STYRKUR EINSTAKLINGA OG FYRIRTÆKJA

Félagsmanni og fyrirtæki gefst kostur á að sækja um sameiginlegan styrk til sjóðsins ef nám félagsmanns kostar 200.000 kr. eða meira. Þá er réttur einstaklings og réttur fyrirtækis nýttur á móti hvor öðrum. Umsókn er afgreidd eftir reglum sjóðsins um starfstengda styrki.



## HVAR SÆKI ÉG UM STYRK Í STARFSMENNTASJÓÐ?

### EINSTAKLINGAR

Í gegnum [Mínar síður](#) á [vr.is](#) eða hjá þínu stéttarfélagi ef þú ert í félagi innan LÍV.

### FYRIRTÆKI

Í gegnum [attin.is](#) sem er sameiginleg umsóknargátt nokkurra starfsmenntasjóða.

Nánari upplýsingar er að finna á [starfsmennt.is](#)